

Alþingi
Erindi nr. P 143/585
komudagur 9.12.2013

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 3. desember 2013

Efni: Viðbót við umsögn SAF um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), 3. mál..

Samtök ferðapjónustunnar hafa sent inn umsögn við ofangreindu frumvarpi en telja nauðsynlegt bæta við umsögnina með því að fara fram á eftirfarandi breytingu:

Lagt er til að eftirfarandi komi inn í lög um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarp 2014, 3. mál:

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum:

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Lækkun á vörugjaldi sem gjaldanda hlotnast samkvæmt undanþáguflokki 1., 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr., getur aldrei numið hærri fjárhæð en 1.250.000 kr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. er bílaleigu heimilt á árinu 2014 að selja 20% af þeim fjölda ökutækja sem voru í eigu bílaleigunnar 1. janúar 2014 án þess að komi til uppgreiðslu á mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar, hafi seld ökutæki verið í eigu bílaleigunnar í a.m.k. sex mánuði og hafi á þeim tíma verið ekið a.m.k. 20 þús. km.

Ástæða þess að farið er fram á þessa breytingu er að bílaleigubílar eru í núverandi lögum eini flokkur ökutækja með að hámarki 750.000 kr. lækkun á vörugjaldi og er það mikið misræmi. Leigubílar, ökukennslubifreiðar og sérútbúnir jeppar eru bifreiðar sem allar njóta hærri lækkunar eða 1.250.000. Einnig hefur 15 mánaða binditími ekki verið stytur, þrátt fyrir lækkun vörugjalda en þó hafa bílaleigur undanfarin tvö ár getað selt 20% af flota eftir 6 mánuði og hefur það haft mjög jákvæð áhrif á fjármögnun, framboð og endursölu nýrra bílaleigubíla

Ljóst er kaup á nýjum bílaleigubílum mun dragast saman verði ekki gerðar breytingar á hámarki lækkunar og binditíma. Þetta mun hafa áhrif á endurnýjun bílaflota hér á landi og markmið fjárlagafrumvarpsins um 9.500 nýskráða bíla árið 2014 er þá víðs fjærri. Einnig mun núverandi hámark og binditími með færri nýjum bílaleigubílum hafa mjög neikvæð áhrif á öryggi ferðamanna þar sem hætta er á að alþjóðlegu merkin hverfi og að Ísland lendi í ruslflokki hvað varðar gæði á bílaleigubílum.

Bílaleigur hafa á undanförunum árum þurft að þola gríðarlegar hækkanir í rekstrarumhverfi sínu í kjölfar breytinga á útreikningi vörugjalda og hækkunar á vörugjöldum. Einnig hafa bílaleigur þurft að þola áföll vegna vindatjóna sem ekki eru tryggð en slík tjón hafa á þessu ári kostað á annað hundrað milljónir.

Vörugjöld á bílaleigubíla eru mjög flókin algebra og nauðsynlegt að einfalda það umhverfi en þangað til þurfa bílaleigubílar að nóta sama hámarks á niðurfellingu og aðrir ásamt því að binditími þarf að vera í samræmi við þá skerðingu sem hækkun vörugjalda hefur haft í för með sér.

SAF og bílaleigunefnd óska eftir að kom á fund nefndarinnar og ræða ofangreind mál.

Virðingafyllst

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Gunnar Valur Sveinsson". The signature is stylized and written in a cursive script.

Gunnar Valur Sveinsson